

## Ályktun ársfundar ASÍ 2007 um kjaramál

Ársfundur Alþýðusambands Ísland krefst þess að launafólk fái stærri hlutdeild í aukningu þjóðarverðmæta.

Þrátt fyrir að gerð kjarasamninga sé viðfangsefni einstakra félaga og landssambanda leggur ársfundurinn áherslu á að í komandi kjarasamningum verði samið um launahækkunir sem tryggja aukinn kaupmátt, sérstaka hækkun lægstu launa, auk þess sem tekið verði af festu á launamisrétti kynjanna. Jafnframt verði öryggisnet kjarasamninganna styrkt og þannig komið í veg fyrir félagsleg undirboð. Það verði meðal annars gert með því að færa taxta að greiddu kaupi og með því að tryggja að fagleg starfsréttindi launafólks verði virt.

Ársfundurinn telur mikilvægt að aðildarsamtökin standi saman að kröfum sem varða sameiginlega hagsmuni alls launafólks gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum.

Áríðandi er að stjórnvöld komi sérstaklega til móts við lág- og millitekjufólk með aðgerðum í skatta-, velferðar- og menntamálum. Skattbyrði þeirra tekjulægri verði lækkuð, sérstakt átak verði gert í málefnum barnafjölskyldna, í húsnæðismálum og dregið verði úr tekjutengingum velferðarkerfisins. Mikilvægt er einnig að bæta möguleika launafólks til frekari menntunar með því að allir eigi kost á öðru tækifæri til náms.

Ársfundurinn leggur áherslu á að unnið verði áfram að útfærslu á nýju fyrirkomulagi á veikinda-, slysa- og örorkubótaréttar í samræmi við framkomnar tillögur. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta slysatryggingaákvæði kjarasamninga.

Ársfundurinn gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau tryggja efnahagslegan stöðugleika með lágri verðbólgu, sambærilegum vaxtakjörum við það sem gerist í nágrannalöndunum og stöðugu gengi. Reynsla liðinna ára sýnir okkur að án stöðugleika verður lítið úr þeim kjarabótum sem samið er um í kjarasamningum.